

Föstudaginn 18. júní 1937.

Nr. 177/1936. Sigurjón Einarsson

gegn

Hildi Pálsdóttur.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður á mál þetta lagður, þykir nauðsyn bera til, að fram fari í héraði ýtarlegri rannsókn en enn hefir átt sér stað um eftirgreind atriði:

1. Hvort aðiljar máls þessa, Sigurjón Einarsson og Hildur Pálsdóttir, hafi verið samtímis stödd í Reykjavík einhverntíma í aprilmánuði 1935, og sérstaklega, hvort það hafi átt sér stað um eða nokkru fyrir páskana það ár. Í því sambandi ber að taka skýrslu af aðiljum sjálfum, útgerðarmanni þeim, Guðmundi Jónssyni, sem áfrýjandi var ráðinn hjá í Sandgerði á þessum tíma, formanninum á vélbát þeim, sem áfrýjandi var háseti á, og öðrum, sem um það kynnu að vita, hvort hann hafi farið til Reykjavíkur á umræddu tímabili. Ennfremur ber að upplýsa, ef kostur er á, hvort áfrýjandi hafi verið á ferð í Reykjavík í maímánuði 1935, sérstaklega fyrri hluta þess mánaðar. Svo ber og að taka skýrslu af húsbændum stefndu í Sandgerði á þessum tíma um það, hvort hún hafi farið til Reykjavíkur í aprilmánuði 1935, og öðrum, sem um það kynnu að vita, þar á meðal fólki því í Reykjavík, sem hún kynni að hafa komið til í þeirri ferð.

2. Þá þarf að rannsaka nánar en gert hefir verið samband stefndu og þáverandi unnusta hennar, Sigurjóns Magnússonar, svo sem það, hvar hann hafi dvalizt veturinn og vorið 1935, hvort fundum

stefndu og hans hafi borið saman á þeim tíma og hvort samfarir hafi átt sér stað með þeim á því tímabili, sem hér getur skipt máli. Ber í þessu sambandi að taka skýrslu af stefndu og nefndum Sigurjóni Magnússyni.

3. Loks ber að spyrja stefndu ýtarlega um það, hvort hún hafi haft samfarir við aðra menn en áfrýjanda á þeim tíma vetrar eða vors árið 1935, sem hér kemur til greina, hvenær hún hafi síðast haft tíðir á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og hvernig hún hafi vitað, að áfrýjandi ætlaði ekki að gangast við faðerni að barni hennar, þótt hún hafi ekki átt tal um það við hann sjálfan, eftir því sem hún skýrir frá í upphafi rannsóknarinnar.

Ber héraðsdómaranum að afla þeirra upplýsinga, sem hér að framan í 1. til 3. tölulið greinir, svo fljótt sem verða má, svo og annarra upplýsinga, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa til efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að hlutast til um, að framhaldsrannsókn fari fram um framangreind atriði svo fljótt sem unnt verður og að útvegaðar verði aðrar þær upplýsingar, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa ástæðu til að aflað sé.
